

Viðtakandi:

Velkominn í Flensburg kæri nemandi!

Það styttest í að við hefjum skólastarf að nýju. Það er ljóst að það verður ekki með hefðbundnum hætti vegna COVID-19, líkt og vonast var til, en til þess að skólastarfið gangi sem best þá legg ég áherslu á eftirfarandi:

- Ávallt að gæta vel að **einstaklingsbundnum sóttvörnum**, svo sem handþvotti og sprittun nálægra snetiflata.
- **Grímuskylda er í skólanum**, a.m.k. í svokölluðum opnum rýmum en hægt verður að taka grímuna niður í kennslustundum.
- Við búum áfram við **fjöldatakmarkanir í matsal** en hægt verður að kaupa léttar matvörur, svo sem rúnstykki, salatbakka, ávexti og drykkjarvörur. Við hvetjum nemendur okkar einnig til koma með nesti.
- Gæta vel að **allri umgengni** bæði í stofum og opnum rýmum. Þannig getum við m.a. komið í veg fyrir útbreiðslu smita.

Allar þessar ráðstafanir eru í samræmi við núgildandi reglugerð um sóttvarnir í skólastarfi á framhaldsskólastigi.

Opnað verður fyrir stundatöflur nemenda í Innu **mánudaginn 16. ágúst** en til þess að geta opnað INNU **þarf rafræn skilríki**. Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista áfanga en mikilvægt er að nemendur komi með námsgögn við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, **fimmtudaginn 19. ágúst**, samkvæmt stundatöflu. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum heimasíðu skólans. Áfram verður hægt að leigja skápa í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á [skrifstofa@flensburg.is](mailto:skrifstofa@flensburg.is).

Töflubreytingar fara fram dagana 19. – 20. ágúst og fara þær fram rafrænt í gegnum INNU. Áfangastjóri mun minna á þetta og má m.a. finna leiðbeiningar er varða töflubreytingar á vefsíðu skólans.

## Að lokum

Eins og við höfum séð á síðustu mánuðum og ári þá geta hlutirnir breyst mjög hratt og því bið ég þig um að **fylgjast vel með** tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans. Einnig að vera vakandi yfir helstu aðgerðum almannavarna og fylgja sóttvörnum og reglum þar að lútandi í hvívetna. Þannig stuðlum við að því að faraldurinn gangi yfir og að eðlilegt skólahald geti hafist fyrr.

Vonum það besta og gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensburgarskólans í Hafnarfirði